

r 2010, föstudaginn 19. febrúar, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr.

E-7504/2002:

Sigurður Pétur Hauksson

gegn

Glitni banka hf.

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r

I

Mál þetta, sem dómtekið mánudaginn 1. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Pétri Haukssyni, kt. 000000-0000, nú til heimilis að Espigerði 6, Reykjavík, með stefnu birtri 14. maí 2002, á hendur Íslandsbanka hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík. Undir rekstri málsins breyttist nafn stefnda í Glitni banka hf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega**, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 60.000.000, auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2001 frá 14.05. 2002 til greiðsludags. **Til vara** krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 36.900.000, auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2001 frá 14.05. 2002 til greiðsludags. **Til þrautavara** krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.000.000, auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2001 frá 14.05. 2002 til greiðsludags. **Til þrautaþrautavara** krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að álitum dómsins, vegna þess tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir, auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2001 frá 14.05. 2002 til greiðsludags.

Auk framangreinds krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð kr. 5.000.000, auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 38/2001 frá 14.05. 2002 til greiðsludags. Loks er krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær **aðallega**, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að mati dómsins, en **til vara**, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

II

Málavextir

Málavextir eru þeir, að stefnandi rak einkafyrirtækið PC-tölvun á Akranesi frá árinu 1998 fram á árið 1992. Hafði stefnandi í upphafi bankaviðskipti við Alþýðubankann, en með stofnun Íslandsbanka hf. á árinu 1990 (þá Iðnaðarbanka) fluttust viðskipti hans til stefnda, útibús Iðnaðarbankans á Akranesi. Jafnframt rekstri PC-tölvunnar var stefnandi eigandi félagsins Tækniveröld ehf., sem rekið var um fasteign stefnanda að Kirkjubraut 11 á Akranesi. Á árinu 1991 fór rekstur stefnanda að ganga illa, sem leiddi til þess, að stefndi hóf innheimtuaðgerðir gegn honum. Í maí 1991 krafðist stefndi nauðungaruppboðs á fasteigninni að Kirkjubraut 11, sem lauk í febrúar 1992 með því að stefnda var lögð út eignin á kr. 13.500.000. Stefndi seldi eignina í október 1992 og var söluverð hennar kr. 20.000.000. Kveður stefnandi mismuninum, sem hafi numið 2-3 milljónum króna að teknu tilliti til áhvílandi skulda, vaxta af þeim, sölulauna og annars kostnaðar stefnda vegna fasteignarinnar, hafa verið ráðstafað inn á yfirdráttarskuld stefnanda við bankann vegna reiknings nr. 0552-26-1021. Stefnandi hafði áður gefið út tryggingavíxl vegna yfirdráttar á tékkareikningi sínum. Kveður stefnandi stefnda hafa ákveðið, hinn 13. marz 1992, að fella niður allar yfirdráttarheimildir stefnanda og gefa út téðan tryggingavíxl, alls að fjárhæð kr. 9.966.196. Í kjölfar útgáfu víxilsins var krafizt gjaldþrotaskipta á búi stefnanda, að undangenginni árangurslausri aðför hjá Sýslumanninum á Akranesi í lok apríl 1992. Var búi stefnanda tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 14. maí sama ár. Greinir aðila á um, hvort stefnandi hafi mótmælt kröfum þeim, sem stefndi byggði gjaldþrotaskiptakröfu sína á. Stefndi lýsti kröfum í þrotabú stefnanda fyrir samtals kr. 24.161.977. Kveður stefndi bústjóra hafa samþykkt fyrirvaralaust kröfur fyrir samtals kr. 13.476.309, en kröfu, að fjárhæð kr. 10.685.668, vegna framangreindrar yfirdráttarskuldar stefnanda, var hafnað að svo stöddu.

Rekið var dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem áfrýjað var til Hæstaréttar, sem m.a. varðaði ágreining um tilurð yfirdráttarskuldar stefnanda við stefnda. Dómur Hæstaréttar lá fyrir 15. apríl 2003. Komst rétturinn m.a. að þeirri niðurstöðu, að vísað var frá kröfu stefnanda um staðfestingu á því, hvert hafi verið sannvirði fasteignarinnar að Kirkjubraut 11. Þá skyldu eftirstöðvar áhvílandi veðskulda á 2. og 3. veðrétti að Kirkjubraut 11, samtals kr. 2.728.316, færðar niður að fullu, sem og víxilkrafa stefnda á hendur stefnanda, að fjárhæð kr. 9.966.196, sem tryggt var með tryggingabréfum á 4. og 5. veðrétti sömu eignar.

Stefnandi kveður skiptum í þrotabúinu hafa lokið 30. september 1996. Hafi skiptin verið endurupptekin vegna fyrri málareksturs, í því skyni að veita stefnanda umboð til málshöfðunar.

Stefnandi kveður stefnda hafa lýst alls 12 kröfum í þrotabúið. Þar af hafi 5 kröfur verið vegna ábyrgðar stefnanda sem framseljanda, alls að fjárhæð kr. 498.629,96, og hafi þær kröfur fengizt greiddar hjá aðalskuldurum. Aðrar kröfur stefnda hafi því numið kr. 23.663.352,88. Gjaldfelld vanskil af þeirri fjárhæð hafi numið kr. 11.653.516,99. Munur á þessum fjárhæðum liggi einkum í því, að fyrirliggjandi hafi verið skuld stefnanda við stefnda vegna bankaábyrgða. Þegar skuldinni var lýst í þrotabúið, hafi stefndi talið skuldina nema kr. 9.299.455,73, auk vaxta og kostnaðar, að frádreginni innborgun kr. 1.106.789,25. Hafi raunveruleg skuld samkvæmt fylgiskjölum með kröfulýsingu hins vegar virzt hafa numið kr. 6.859.305, að frádregnum innborgunum. Burt séð frá því, hver hafi verið raunveruleg fjárhæð skuldar vegna bankaábyrgða, hafi verið ljóst, að krafa stefnda hafi hvorki verið gjaldfallin né í vanskilum, þegar krafa um gjaldþrotaskipti kom fram af hálfu stefnda.

Stefnandi kveðst, við höfðun framangreinds dómsmáls, hafa frá upphafi áskilið sér sérstaklega rétt til að höfða sérstakt mál til heimtu bóta vegna gjaldþrotakröfu stefnda á hendur stefnanda.

Snýst ágreiningur aðila í máli þessu um skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda, sem hann byggir á því, að skilyrði til gjaldþrotaskipta á búi hans að kröfu stefnda hafi ekki verið fyrir hendi, þegar úrskurður þar að lútandi var kveðinn upp hinn 14. maí 1992.

Stefndi byggir m.a. á því, að krafa stefnanda sé fyrnd, auk þess sem hann mótmælir grundvelli skaðabótakröfu, ber við eigin sök og tómlæti stefnda, auk þess sem fjárhæð bótakröfu sé mótmælt.

Rétt þykir að rekja nokkuð gang málsins, en málarekstur þessi hefur dregizt úr hófi fram af ýmsum ástæðum, sem nánast einvörðungu varða stefnanda, sem m.a. tók ítrekaða, langa fresti til að finna lögmenn til að fara með málið fyrir sína hönd, en af hans hálfu hafa fimm lögmenn komið að málinu. Þá tafðist málið enn fremur óhóflega, meðan beðið var eftir matsgerð, af ástæðum, sem dómnum er ekki kunnugt um.

Svo sem fyrr greinir var málið höfðað með stefnu birtri 14. maí 2002. Var aðalkrafa stefnanda í stefnu sú, að stefnda yrði gert að greiða stefnanda að höfuðstól kr. 1.631.000.000, en til vara kr. 10.000.000. Hinn 23. janúar 2003 var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Var málinu í framhaldi af því úthlutað til Skúla Pálmasonar héraðsdómara, sem fór með málið allt þar til undirritaður dómari fékk það til meðferðar haustið 2004, þegar Skúli Pálmason lét af störfum, en á þeim tíma var málið í óákveðnum fresti, meðan beðið var eftir matsgerð dómkvaddra matsmanna.

Upphaflega fór Halldór H. Backmann með málið af hálfu stefnanda, en Aðalsteinn Jónasson af hálfu stefnda.

Meðan málið var í meðförum Skúla Pálmasonar var, hinn 19. marz 2003, óskað eftir dómkvaðningu matsmanns. Var málið næst tekið fyrir 2. apríl 2004. Kemur fram í bókun í þingbók, að stefnandi hafi í millitíðinni fengið annan lögmann til að gæta hagsmuna sinna, sem hafi óskað eftir því að fresta dómkvaðningu matsmanns, meðan leitað væri eftir gjafsókn fyrir stefnanda. Þá kemur fram, að málið hafi dregizt óheyrilega af ýmsum ástæðum. Í þessu sama þinghaldi var málinu frestað til 20. apríl 2004 til að taka ákvörðun um matsmann. Sú fyrirtaka fór þó ekki fram, og var málinu frestað utan réttar, að ósk aðila, til 14. maí s.á. Í því þinghaldi mætti stefnandi án lögmanns, en lögmaður stefnanda, Reimar Pétursson, sem var nýtekinn við málinu, hafði sagt sig frá því. Fékk stefnandi frest til að finna sér annan lögmann. Málið var næst tekið fyrir 15. júní. Hafði Dögg Pálsdóttir tekið við málinu fyrir hönd stefnanda. Óskaði lögmaður stefnanda enn eftir fresti til að athuga um matsmann samkvæmt fyrirbyggjandi matsbeiðni. Var málinu frestað til 29. júní 2004, en var frestað utan réttar til 15. október s.á. Fram kom í því þinghaldi, að lögmaður stefnanda hefði ekki náð að leita samþykkis stefnanda á matsmanni, sem lögmaðurinn hafði í huga, og óskaði enn eftir fresti til að fá samþykki hans fyrir matsmanninum. Hinn 25. október 2004 var málið tekið fyrir næst. Hafði lögmaður stefnda nú farið frá málinu en Ólafur Haraldsson hrl. tekið við. Í þessu þinghaldi var loks dómkvaddur matsmaður, Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi. Var málinu því næst frestað í óákveðinn tíma til framlagningar matsgerðar, en matsmanni var gert að ljúka matsgerð eins fljótt og kostur væri. Þetta sama haust lét Skúli Pálmason héraðsdómari af störfum og var undirrituðum dómara úthlutað málinu, eins og fyrr er greint frá.

Eftir að undirritaður dómari tók við málinu var ítrekað fram á árið 2006 haft samband við lögmann málsins til þess að kanna, hvernig matsmálinu reiddi af og fá þá til að ganga á eftir matsgerðinni, án þess að það bæri árangur, og virtust lögmann á því að halda málinu áfram í óákveðnum fresti. Hinn 14. febrúar 2006 tilkynnti Dögg Pálsdóttir, lögmaður stefnanda, dómara með tölvubréfi, að málið væri enn hjá matsmanni og hefði tafizt þar af margvíslegum ástæðum, en hún myndi hafa samband við matsmanninn. Þar sem ekkert hafði heyrzt frekar frá aðilum í byrjun júní voru lögmann aðila boðaðir til þinghalds hinn 13. júní, m.a. til að freista þess að fá aðila til að ýta á eftir matsgerð. Barst þá tölvubréf frá lögmanni stefnanda, þar sem hún tilkynnti dómara, að hún færi ekki lengur með málið í umboði stefnanda. Mætti stefnandi því til þinghaldsins án lögmanns. Var málinu frestað til 4. september 2006, m.a. til að gefa stefnanda kost á að fá lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Í því þinghaldi mætti stefnandi enn án lögmanns og kvað málið vera til skoðunar hjá lögmanni, sem hugsanlega myndi fara með það fyrir hans hönd, og óskaði hann enn eftir fresti til að útvega sér lögmann. Var málinu frestað til 27. nóvember 2006. Í því þinghaldi var bókað, að Hróbjartur Jónatansson hrl. hefði tekið við málinu fyrir hönd stefnanda. Þá kom fram í því þinghaldi, að nafnbreyting hafði orðið á hinum stefnda banka, sem hafði hlotið nafnið Glitnir banki hf. Var málinu næst frestað til 25. apríl 2007 til þess að ljúka matsgerð. Þegar málið var tekið fyrir þann dag, óskaði lögmaður stefnanda enn eftir fresti til að leggja fram matsgerð, sem mun þó hafa verið tilbúin hjá matsmanni á þessum tíma. Hinn 4. maí 2007 lagði lögmaður stefnanda loks fram matsgerðina. Í næsta þinghaldi hinn 11. júní 2007 lagði lögmaður stefnanda m.a. fram breytta kröfugerð stefnanda. Var málinu því næst, að ósk lögmannna, frestað nokkrum sinnum til að freista þess að ná sáttum í málinu. Hinn 3. janúar 2008 var málið tekið fyrir og frestað til 28. marz að ósk stefnanda, vegna mögulegrar

upptöku tengds máls hans fyrir Hæstarétti. Í því þinghaldi óskaði lögmaður stefnanda enn eftir fresti fram á haustið vegna tengds máls, sem væri í meðferð hjá skiptastjóra. Var málinu frestað til 29. september 2008. Enn óskaði lögmaður stefnanda eftir fresti, þar sem málinu hjá skiptastjóra var ekki lokið. Hinn 14. nóvember 2008 var málið tekið fyrir á ný. Var málinu þá frestað til 10. desember, þar sem fjármálaeftirlitið hafði yfirtekið stefnda, þannig að lögmönnum gæfist kostur á að kanna aðild varnarmegin í málinu og taka ákvörðun um framhald málsins. Hinn 10. desember 2008 lýsti lögmaður stefnda því yfir, að Nýi Glitnir myndi ekki taka við aðild málsins á þessu stigi, en endanleg ákvörðun þar að lútandi lægi ekki fyrir. Þá krafðist lögmaður stefnda þess, að málinu yrði frestað um óákveðinn tíma meðan á greiðslustöðvun stefnda stæði. Var málið flutt um það ágreiningsefni hinn 12. janúar 2009. Með úrskurði, uppkveðnum 9. febrúar 2009, var freströfu stefnda hafnað og ákveðinn dagur, 19. maí 2009, til aðalmeðferðar málsins. Daginn fyrir fyrirhugaða aðalmeðferð kom enn fram ósk frá lögmanni stefnanda um að fresta málinu utan réttar fram á haust. Jafnframt barst tilkynning frá lögmanni stefnda, þar sem hann lýsti sig samþykkan þeirri beiðni. Var nýr dagur aðalmeðferðar ákveðinn 9. nóvember 2009. Skömmu fyrir fyrirhugaða aðalmeðferð barst tölvubréf frá lögmanni stefnanda, Hróbjarti Jónatanssyni, þess efnis, að hann hefði látið af störfum fyrir stefnanda vegna hagsmunatengsla, án þess að þau tengsl væru skýrð nánar. Mætti stefnandi því til þinghaldsins án lögmanns og tjáði dóminum, að hann væri kominn í samband við nýjan lögmann, sem hugsanlega myndi taka við málinu. Var málinu enn frestað til aðalmeðferðar til mánudagsins 1. febrúar, með samþykki lögmanns stefnda, en jafnframt var bókað í þingbók að fresturinn væri lokafrestur. Þremur dögum fyrir aðalmeðferð barst dóminum í tölvupósti staðfesting Jóns Höskuldssonar hrl. á því að hann myndi fara með málið fyrir hönd stefnanda.

III

Málsástæður stefnanda

Í stefnu kveðst stefnandi byggja kröfur sínar og málið í grundvallaratriðum á ákvæðum 2. mgr. 20. gr. laga um gjaldbrotaskipti nr. 6/1978, sbr. einnig 3. mgr. 66. gr. laga nr. 21/1991. Sé fyrsti kröfuliðurinn byggður á niðurstöðu Sturlaugs Þorsteinssonar, verkfræðings og viðskiptafræðings, um fjárhagslegt tjón stefnanda vegna gjaldþrots á búi hans fyrir tilstilli stefnda. Um tölulegar forsendur kröfugerðarinnar er í stefnu vísað til þessarar matsgerðar á dskj. nr. 52, en undir rekstri málsins lagði stefnandi fram nýja matsgerð, svo sem að framan er rakið, og vísar stefnandi til hennar til sönnunar á fjárhagslegu tjóni sínu.

Annar kröfuliður stefnanda sé byggður á þeirri forsendu, að með athæfi sínu og kröfu um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda hafi stefndi bakað sér skyldu til greiðslu miskabóta. Telji stefnandi, að miskabætur honum til handa séu hæfilegar, eins og í kröfugerð greini, enda hafi hann orðið fyrir verulegri röskun á stöðu og högum, auk þess sem mannorð, atvinna og raunar allir þættir í lífi stefnanda hafi beðið skipbrot í kjölfar innheimtuaðgerða stefnda. Bótaskylda sé að öðru leyti byggð á sömu forsendum og eigi við um fyrsta kröfulið stefnanda.

Málskostnaðarkrafa stefnanda þarfnist ekki sérstaks rökstuðnings á þessu stigi.

Stefnandi byggir á því í máli þessu, að skilyrði til gjaldþrotaskipta á búi hans, að kröfu stefnda, hafi ekki verið fyrir hendi, er úrskurður þar að lútandi hafi verið kveðinn upp þann 14. maí 1992. Byggi stefnandi á því, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem leitt hafi af hinum óréttmætu gjaldþrotaskiptum. Í því sambandi sé einkum vísað til fyrrnefnds ákvæðis 2. mgr. 20. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Engu breyti um bótaábyrgð stefnda, þótt krafa stefnda hafi verið tekin til greina með úrskurði skiptaráðandans á Akranesi.

Bótaábyrgð stefnda byggir stefnandi einkum á því, að stefndi hafi ekki átt þær kröfur á hendur stefnanda, sem hafi búið að baki kröfu um gjaldþrotaskipti. Fyrirliggjandi sé ágreiningur um réttmæti víxilkjörfu stefnda, en eins og fram komi í stefnu, hafi kröfunni verið hafnað við skipti á þrotabúi stefnanda. Byggi stefnandi á því, að stefndi hafi vitað, eða mátt vita, að fjárfrafa á hendur stefnanda hafi verið gölluð að formi til eða efni. Þrátt fyrir það hafi stefndi haldið kröfunni til streitu með þeim afleiðingum, að bú stefnanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi byggir einnig á því, að stefndi hafi vitað, eða mátt vita, að skilyrði fyrir gjaldþrotaskiptum á búi stefnanda hafi ekki verið fyrir hendi. Sé að því leyti einkum vísað til 13. og 15. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefnandi hafi ekki verið ógjaldfær í skilningi laganna, þegar krafa stefnda um gjaldþrotaskipti kom fram. Þvert á móti hafi allar kröfur stefnda á hendur stefnanda verið nægilega tryggðar í eign stefnanda að Kirkjubraut 11 á Akranesi. Sem fyrr segi hafi stefndi fengið eignina útlagða við nauðungaruppboð þann 20. febrúar 1992. Kaupverð á uppboðinu hafi numið kr. 13.500.000,00, en sannvirði eignarinnar hafi verið nærfellt þreföld sú fjárhæð. Mismunur á sannvirði eignarinnar annars vegar og söluverði á uppboðinu hins vegar hafi verið svo mikill, að stefnandi hefði í raun átt að vera nær skuldlaus við stefnda. Eigi þetta einkum við, þegar gjaldfallin vanskil stefnanda samkvæmt því, sem stefndi haldi fram, hafi ekki numið hærri fjárhæð rúmum 11,6 milljónum króna, sé á annað borð fallist á ítrustu kröfur stefnda.

Byggi stefnandi á því, að stefndi hafi með réttu átt að taka tillit til mikils hagnaðar, sem fylgt hafi útlagningu eignarinnar að Kirkjubraut 11 á Akranesi og lækka skuldir stefnanda, sem því hafi numið. Stefnandi hafi tekið við og eignazt fasteign, sem augljóslega hafi verið verðmætari en þær 13,5 milljónir sem boð stefnda hafi hljóðað upp á. Stefnandi hafi borið skylda til þess að gæta hagsmuna stefnanda í kjölfar uppboðsins. Sé um það m.a. vísað til 3. og 4. mgr. 32. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. einnig 57. gr. núgildandi laga. Burt séð frá raunverulegu verðmæti eignarinnar hafi stefndi haft fyrirliggjandi veðtryggingar í eigninni, sem dugað hefðu til uppgreiðslu allra vanskila stefnanda og gott betur.

Þáverandi útibússtjóri stefnda á Akranesi, Björgvin Filippusson, hafi borið fyrir dómi, að stefndi hafi framkvæmt lauslegt mat á eigninni skömmu fyrir nauðungaruppboð á henni. Hafi verðmæti eignarinnar þá verið talið nema 25 - 26 milljónum króna. Stefnandi telji þetta mat að vísu allt of lágt en undirstriki, að vitneskja stefnda að þessu leyti kalli á aukna ábyrgð stefnda á framhaldi innheimtuáðgerða, enda hafi verið krafizt gjaldþrotaskipta á búi stefnanda, áður en stefndi hafði svo mikið sem athugað nánar, hvert verðmæti eignarinnar var eftir nauðungarsölu, eða hver raunverulegur ávinningur af eigninni hefði getað orðið.

Engu breyti um þetta, þótt stefndi hafi ákveðið að selja eignina síðla árs 1992 til þriðja aðila. Telji stefnandi, að stefnda hafi borið að ganga úr skugga um réttmætt

verð eignarinnar, eða að minnsta kosti að láta stefnanda njóta þess verðmats, sem stefndi hafi sjálfur látið framkvæma fyrir nauðungarsöluna. Stefndi hafi í raun viðurkennt þann rétt stefnanda að fá lækkaðar skuldir sínar vegna söluhagnaðar á eigninni með því að hafa innkallað skuldir einhliða í kjölfar sölu eignarinnar til þriðja aðila í árslok 1992.

Fram að gjaldþroti hafi stefnandi verið í ábatasömum verzlunarrekstri og hafi tryggt sér ráðandi markaðsaðstöðu í tölvuviðskiptum. Ekki verði fram hjá því litið, að verzlun og viðskipti með tölvur hafi vaxið verulega frá því að atvik máls þessa gerðust. Haldi stefnandi því raunar fram, að tölvuviðskipti hafi verið ein mest vaxandi verzlunargreinin í heiminum á þessu tíu ára tímabili. Svo sem vikið sé að í kröfugerð og matsgerð á dskj. nr. 52 telji stefnandi, að allar forsendur hafi verið fyrir hendi til að ætla stefnanda verulegan hagnað og vöxt, hefði starfsemi hans fengið að þróast með eðlilegum hætti, þ.e. hefði stefndi viðhaft eðlilega starfshætti gagnvart stefnanda og gætt hófs í innheimtuaðgerðum.

Sem fyrr segi hafi stefnandi orðið gjaldþrota með úrskurði Skiptaréttar Akraness, uppkveðnum þann 14. maí 1992. Áður en til úrskurðar kom, hafi stefnandi reynt að tryggja hagsmuni sína og óska frests til að verjast kröfu stefnda um gjaldþrotaskipti. Stefndi hafi ekki fallizt á slíkan frest.

Þyki stefnanda það með ólíkindum, að stefndi hafi ekki veitt stefnanda svigrúm til varna, einkum þegar litið sé til þess, að innheimtuaðgerðir hafi verið nýhafnar, og stefndi hafi hvorki vitað né mátt vita, að í fasteigninni að Kirkjubraut 11 hafi falizt veruleg verðmæti.

Við yfirtöku eignarinnar að Kirkjubraut 11 á Akranesi og með því að meina stefnanda aðgang að eigninni hafi honum einnig verið meinaður aðgangur að bókhaldsgögnum sínum. Hafi það orðið til þess að stefnanda hafi verið nær ómögulegt að verjast kröfum stefnda með málefnalegum hætti. Bókhaldsgögn stefnanda hafi síðar verið afhent yfirvöldum vegna gjaldþrotameðferðar. Skiptum í búi stefnanda hafi lokið 30. september 1996. Meðan á skiptum stóð hafi stefnandi hvorki haft fjárhagslegt bolmagn né aðstöðu til að gæta réttar síns. Eftir skiptalok hafi stefnandi þegar hafizt handa um leiðréttingu sinna mála, og sé um þau atriði vísað til dskj. nr. 26 - 35 og 37 - 49. Byggi stefnandi á því, að hann hafi ekki með nokkrum hætti sýnt tómlæti gagnvart stefnda vegna þessa þáttar málsins.

Að lokum bendi stefnandi á, að stefndi beri ríka ábyrgð sem sérstakur fagaðili í fjármálum. Á stefnda hvíli sú skylda að virða hagsmuni viðskiptamanna sinna og starfa með eðlilegum og faglegum hætti í hvívetna. Telji stefnandi, að stefndi hafi ekki gætt faglegrar ábyrgðar við innheimtuaðgerðir gagnvart stefnanda og þannig valdið stefnanda fjárhagslegu tjóni og miska, sem bótaskyldt sé að lögum.

Stefnandi byggi kröfur sínar á meginreglum fjármunaréttar og skaðabótaréttar. Jafnframt sé byggt á reglum gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og til samanburðar reglum nügildandi laga nr. 21/1991. Að auki sé byggt á ákvæðum laga um viðskiptabanka nr. 86/1985 og ákvæðum nýrri laga nr. 113/1996 til samanburðar. Þá byggi stefnandi á meginreglu 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um friðhelgi eignarréttarins. Að auki byggi stefnandi á ákvæðum laga nr. 145/1994, laga nr. 14/1905, laga nr. 57/1949 og laga nr. 25/1987. Að lokum byggi stefnandi á ákvæðum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXI. kafla þeirra laga,

um málskostnað. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á ákvæðum laga nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

-

Málsástæður stefnda

Aðalkrafa

1. Fyrning

Stefndi kveðst byggja á því í fyrsta lagi, að krafa stefnanda sé fyrnd. Krafan sé skaðabótakrafa utan samninga og fyrnist slíkar kröfur á 10 árum, sbr. meginreglu 2. tölulíðar 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Sé á því byggt, að krafa stefnanda hafi verið fyrnd, er stefna var birt í máli þessu. Síðasti mögulegi upphafstími fyrningarfrests hafi verið 13. maí 1992.

2. Skilyrði skaðabóta skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 6/1978. Samþykki stefnanda á kröfum sem lágu gjaldþrotaskiptabeiðni til grundvallar.

Stefndi mótmæli harðlega grundvelli skaðabótakröfu stefnanda máls þessa. Tekizt hafi verið á um grundvöll þeirra krafna, sem stefndi hafi byggt gjaldþrotaskiptabeiðni sína á í máli nr. E-948/2002, en kveðinn hafi verið upp dómur í því máli hinn 10. maí 2002 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hafi héraðsdómur komizt að þeirri niðurstöðu, að stefnanda máls þessa hefði ekki tekizt að sýna fram á, að nokkuð hafi verið athugavert við grundvöll þeirra krafna stefnda, sem gjaldþrotaskiptabeiðni byggðist á og vísist í því sambandi til dskj. nr. 53 og þeirra málsatvika og málsástæðna, sem þar séu færð fram af hálfu stefnda. Af þeim sökum megi ljóst vera, að þær kröfur hafi að öllu leyti verið lögmætur grundvöllur gjaldþrotaskiptabeiðni, og því eigi skaðabótakrafa stefnanda við engin rök að styðjast. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Síðastnefndum héraðsdómi hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar og vísi stefndi til málsatvika og sjónarmiða, sem reifuð séu í greinargerðum hans fyrir héraðsdómi og Hæstarétti á dskj. nr. 55-56 í því máli, og geri þær að málsástæðum í þessu máli jafnframt.

Stefndi mótmæli því sérstaklega, að skilyrðum 13. og 15. gr. laga nr. 6/1978 hafi ekki verið fullnægt, þegar gjaldþrotaskiptabeiðni var sett fram af hálfu stefnda. Eina skilyrðið, sem hafi þurft að vera uppfyllt skv. 13. gr. laganna, hafi verið það, að á síðustu 3 mánuðum fyrir móttöku kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti hefði farið fram árangurslaus aðför eða kyrrsetning hjá skuldara. Ekki sé um það deilt í þessu máli að þetta skilyrði hafi verið uppfyllt. Stefndi mótmæli því harðlega, að kröfur hans hafi verið nægjanlega tryggðar með veði í eigninni Kirkjubraut 11 á Akranesi. Það hafi sézt á því verði, sem eignin hafi verið seld á í október 1992 og því tilboði, sem í hana hafi borizt stuttu áður, að markaðurinn hafi ekki verið tilbúinn til að greiða fyrir eignina hærra verð en þær 20 milljónir, sem fyrir hana hafi fengizt með kaupsamningi þann 5. október 1992, sbr. dskj. nr. 21.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að stefnda hafi, á þeim tíma, verið unnt að fá hærra

verð fyrir eignina, og verði hann, í ljósi þess, hversu seint hann hafi sett fram kröfugerð sína, að bera alfarið hallann af þeim sönnunarskorti. Stefndi mótmæli því, að yfirmat það, sem fyrir liggir í málinu, sbr. dskj. nr. 51, og gert sé tæpum tíu árum eftir að eignin var seld, hafi meira sönnunargildi um markaðsverð eignarinnar síðari hluta árs 1992 en það verð, sem hafi fengizt fyrir hana. Megininntak ákvæðis 57. gr. laga nr. 90/1991 og sambærilegs ákvæðis eldri laga sé, að hagnaður, sem kaupandi kunni að njóta af því að fá eign á lægra verði við nauðungarsölu en nemi gangverði hennar í frjálsum viðskiptum, verði notaður líkt og greiðsla á þeim hluta af kröfum hans, sem söluverð eignarinnar nægi ekki til að greiða. Fyrir liggir í málinu, hver hagnaður stefnda hafi verið af sölu eignarinnar á frjálsum markaði, og hafi honum verið ráðstafað til lækkunar á kröfum á hendur stefnanda. Um þetta vísist jafnframt til umfjöllunar í greinargerð stefnda fyrir Hæstarétti á bls. 4-5 á dskj. nr. 56.

Í ljósi þessa telji stefndi, að skilyrði skaðabótakröfu skv. 2. mgr. 20. gr. séu ekki uppfyllt, og því beri að sýkna hann af kröfu stefnanda.

Því sé harðlega mótmælt, að stefndi hafi staðið að innheimtu lögmætra krafna sinna með óeðlilegum hætti. Stefndi hafi aðeins verið að sinna þeirri skyldu sinni að takmarka tjón sitt vegna útlána til stefnanda og hafi innheimtuaðgerðir hans verið algjörlega í samræmi við það, sem gert sé ráð fyrir í lögum. Þrátt fyrir það hafi tap stefnda vegna gjaldþrots stefnanda numið meira en 20 milljónum króna. Það eitt, að stefndi hafi neitað að verða við beiðni stefnanda um frest, þegar krafa hans um töku bús stefnanda til gjaldþrotaskipta var tekin fyrir, geti engan veginn verið grundvöllur bótaskyldu af hálfu stefnda. Í því sambandi sé sérstaklega vakin athygli á þeirri staðreynd, að stefnandi hafi ekki andmælt þeim kröfum, sem legið hafi gjaldþrotaskiptakröfu til grundvallar, eins og hann hefði getað gert samkvæmt 168. gr. laga nr. 21/1991 og sambærilegu ákvæði eldri laga. Þrotabú stefnanda hafi verið undir gjaldþrotaskiptum á árunum 1992-1996. Á öllum þeim tíma hafi ekki komið fram ein athugasemd við grundvöll þeirra krafna, sem hafi legið gjaldþrotaskiptabeiðni til grundvallar.

Stefndi byggir á því, að með þessu hátterni sínu hafi stefnandi samþykkt að öllu leyti þær kröfur, sem hafi legið gjaldþrotaskiptabeiðni til grundvallar, og að hann geti ekki, nú mörgum árum síðar, haft frammi athugasemdir um þær. Sé á því byggt, að slík krafa sé fyrnd, eða í versta falli fallin niður fyrir tómlæti, eins og nánar verði vikið að hér að neðan.

3. Eigin sök og tómlæti stefnanda

Verði talið, að skilyrði til skaðabóta hafi verið fyrir hendi, telji stefndi, að eigin sök og tómlæti stefnanda eigi að leiða til sýknu stefnda af kröfum stefnanda. Stefnandi hafi haft fjölmörg tækifæri til þess að vefengja kröfur stefnda. Stefnandi hafi hvorki borið fram nein efnisleg mótmæli við kröfum stefnanda við nauðungarsöluna á Kirkjubraut 11, né heldur þegar hin árangurslausa aðför hafi farið fram, eða þegar bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi hafi verið bókhaldsskyldur og hefði því átt að vera vel í stakk búinn til að gera sér grein fyrir fjárhagslegri stöðu sinni, og hvort kröfur stefnda ættu við rök að styðjast. Það hafi svo ekki verið fyrir en mörgum árum eftir skiptin, sem stefnandi hafi sett fram

kröfur sínar. Þessi eigin sök og tómlæti stefnanda telji stefndi því, að eigi að leiða til sýknu hans af kröfum stefnanda, jafnvel þótt talið yrði, að skilyrði skaðabótaskyldu hafi verið uppfyllt. Stefnandi verði að bera hallann af þeirri sönnunaróvissu, sem af þessu aðgerðarleysi hans leiði.

Því sé mótmælt, að stefndi hafi meinað stefnanda aðgang að bókhaldsgögnum sínum. Stefnandi hafi keypt eignina Kirkjubraut 11 á uppboði hinn 20. febrúar 1992. Stefnandi hafi fengið eignina útlagða sér til eignar þann 8. apríl 1992, sbr. dskj. nr. 6. Þann 24. s.m. hafi stefnandi ekki verið farinn af eigninni og hafi því komið til þess, að stefndi hafi krafizt útburðar með beiðni, dags. 24. apríl 1992, sbr. dskj. nr. 7. Stefnandi hafi því haft nægan tíma til að koma bókhaldsgögnum sínum fyrir annarsstaðar og flytja af eigninni. Fullyrðingar um, að stefndi hafi meinað stefnanda aðgang að bókhaldsgögnum sínum, eigi því ekki við rök að styðjast.

4. Orsakatengsl og sennileg afleiðing

Stefndi hafni því algjörlega, að það meinta tjón, sem stefnandi krefjist bóta fyrir, geti talizt vera sennileg afleiðing af háttsemi stefnda í skilningi skaðabótaréttar.

Ríkar kröfur verði að gera í þessu efni, sbr. orðalag í skýringum við 20. gr. frumvarps þess, sem varð að lögum nr. 6/1978, þar sem segi: „Löglíkur eru ekki fyrir tjóni, sem bæta skal eftir 2. mgr.“

5. Fjárhæð bótakröfu og miskabótakrafa

Fjárhæð bótakröfu stefnanda sé harðlega mótmælt sem fráleitri. Stefnandi miði fjárhæð kröfu sinnar í stefnu við svokallað stöðumat fyrir PC-tölvuna, sem unnið sé af Sturlaugi Þorsteinssyni, verk- og viðskiptafræðingi, sbr. dskj. nr. 51. Stefnandi telji þær forsendur og ályktanir, sem í stöðumatinu sé að finna, vægast sagt fráleitir og mótmæli harðlega sönnunargildi þessa skjals, enda hafi stefnda ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna að neinu leyti við gerð þess. Í þessu sambandi sé vakin athygli á því, að engin gögn hafi verið lögð fram um rekstur stefnanda, sem sýni, hversu fráleit kröfugerð hans sé. Stefnandi hafi ekki lagt fram í máli þessu nein sönnunargögn fyrir meintu tjóni, og sé kröfugerð hans að þessu leyti vanreifuð og í andstöðu við 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Miskabótakröfu stefnanda sé harðlega mótmælt. Stefnandi færi engar málsástæður fram fyrir þessari kröfu sinni, og sé hún því vanreifuð og í andstöðu við 80. gr. laga nr. 91/1991. Fjárhæð miskabótakröfu sé mótmælt sem fráleitri, enda er engin tilraun gerð til að rökstyðja hana í stefnu. Stefnandi krefjist sýknu af miskabótakröfu stefnanda, verði henni ekki vísað frá dómi ex officio.

-

Varakrafa

Verði ekki fallizt á, að eigin sök og tómlæti stefnanda skuli leiða til sýknu, telji stefndi, að þessi atriði eigi að leiða til þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Að þessu leyti vísist til umfjöllunar hér að ofan.

Fari svo ólíklega, að dómur telji, að taka beri kröfugerð stefnanda til greina að einhverju leyti, lýsi stefndi yfir skuldajöfnuði við kröfugerð stefnanda með þeim kröfum, sem lýst hafi verið í þrotabú stefnanda og sundurliðaðar séu á dskj. nr. 11 - 16 og nr. 20. Um sé að ræða kröfur að fjárhæð rúmlega kr. 24 milljónir, ásamt vöxtum og kostnaði. Um heimild til að lýsa yfir skuldajöfnuði vísi stefndi til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upphafstíma dráttarvaxtakröfu sé harðlega mótmælt, en í því sambandi sé vísað til þess, að stefnandi máls þessa hafi enn ekki lagt fram nein sönnunargögn fyrir meintu tjóni sínu og því hafi stefnandi ekki getað tekið efnislega afstöðu til þess hluta kröfugerðar hans.

Stefndi byggir kröfur sínar í máli þessu einkum á ákvæðum laga um fyrningu nr. 14/1905, ákvæðum laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 28. gr., ákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. einkum 20. gr. og sambærilegu ákvæði nýrri laga um sama efni, meginreglu kröfuréttar um réttaráhrif tómlætis, reglum skaðabótaréttar um eigin sök, orsakatengsl, sennilega afleiðingu og ákvörðun bóta. Jafnframt sé vísað til meginreglna einkamálaréttarfars um sönnun og sönnunarbyrði. Kröfu um málskostnað byggir stefndi á lögum 91/1991, sbr. einkum XXI. kafla.

-

Forsendur og niðurstaða

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi sem og hinn dómkvaddi matsmaður, Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að krafan sé fyrnd. Af hálfu stefnanda er þessari málsástæðu mótmælt.

Krafa stefnanda er skaðabótakrafa og fyrnist á 10 árum, sbr. 1. tl. 4. gr. þágildandi laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

Krafa um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda var fyrst tekin fyrir hjá skiptaráðandanum á Akranesi hinn 13. maí 1992, og var stefnandi úrskurðaður gjaldþrota með úrskurði, uppkveðnum næsta dag. Skiptum búsins lauk hinn 30. september 1996.

Af 1. og 2. tl. 20. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 leiðir, að miða ber við, að tjón, sem aðili getur orðið fyrir vegna tilefnislausrar gjaldþrotaskiptakröfu, eigi sér stað þann dag, sem krafa um gjaldþrotaskipti kemur fram. Samkvæmt 2. tl. 16. gr. sömu laga var frestdagur hinn 13. maí 1992, en ekki liggur fyrir, hvenær krafa um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda barst skiptaráðandanum á Akranesi. Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu hinn 14. maí 2002, en þá voru liðin meira en

10 ár frá því að krafan var tekin fyrir hjá skiptaráðanda. Var krafa stefnanda því fyrnd, þegar mál þetta var höfðað, sbr. framangreint ákvæði fyrningarlaga. Ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1.200.000.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

-

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Glitnir banki hf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sigurðar Péturs Haukssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1.200.000 í málskostnað.